

# Mannréttindaskrifstofa Íslands

Laugavegi 7 • 3. hæð • 101 Reykjavík

Sími: 552 2720 • Fax: 552 2721 • e-mail: icehr@humanrights.is

**Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, með síðari breytingum.**

Mannréttindaskrifstofan mælir með því að breyting sú á lögum um réttindi sjúklinga nr. 74/1997, með síðari breytingum, sem sett er fram í ofangreindu frumvarpi til laga verði samþykkt.

Í 1. grein laga um réttindi sjúklinga segir að markmið laganna sé "að tryggja sjúklingum tiltekin réttindi í samræmi við almenn mannréttindi og mannhelgi og styrkja þannig réttarstöðu þeirra gagnvart heilbrigðisþjónustunni..."

Að álti Mannréttindaskrifstofunnar er viðmiðunartími mikilvægur þáttur í því að styrkja réttarstöðu sjúklinga gagnvart heilbrigðisþjónustunni þegar um er að ræða bið eftir meðferð.

Í greinagerð með frumvarpinu eru sett fram rök fyrir mikilvægi þess að biðtími eftir meðferð verði takmarkaður þar sem langur biðtími getur haft margvísleg neikvæð áhrif á líf einstaklinga og afdrifaríkar afleiðingar á ýmsa þætti í lífi þeirra.

Mannréttindaskrifstofan telur að breyting þessi á lögum um réttindi sjúklinga væri í fullu samræmi við tilgang laganna og einnig markmið 12. greinar alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, er lítur að réttinum til heilsu. Þar segir; "Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum viðurkenna rétt sérhvers manns til þess að njóta líkamlegrar og andlegrar heilsu að hæsta marki sem unnt er."